



FORNLEIFAVERND RÍKISINS

VEGAGERÐIN

Austurland

Mótt. 16 AGÚ. 2004

Skjalalykill

Málsnr.

40.20

2004090021

Egilsstaðir 10. ágúst 2004

Vegagerðin
Sveinn Sveinsson
Búðareyri 11-13
730 Reyðarfirði

UPPH.U. Vip Fellab. 931-01.

Varðar: Fyrirhugaða vegagerð frá Fellabæ að Ekkjufelli

Vegna fyrirhugaðrar vegagerðar frá þjóðvegi 1 í Fellabæ að Ekkjufelli hefur Minjavörður Austurlands kannað svæðið með tilliti til hugsanlegra fornleifa.

Áætluð veglína sem er um 1,5 km. liggur að mestu leyti um ræktað land þar til kemur að Ekkjufelli. Þar liggur leiðin framhjá bænum um óræktað land neðan undir grónum brekkum og klettum þar til hún tengist aftur núverandi veki við afleggjarann heim að Ekkjufelli.

Ekki eru sjáanlegar neinar fornminjar á þessari leið. Fornleifavernd ríkisins gerir því engar athugasemdir við fyrirhugaða vegalagningu. Að lokum er þó rétt að minna á að ekki eru allar fornleifar sýnilegar á yfirborði og því er alltaf sá möguleiki fyrir hendi að áður óþekktar fornleifar finnist þegar kemur að framkvæmdum. Í slíkum tilvikum skal fara í einu og öllu eftir 13. grein þjóðminjalaga þar sem segir:

Nú finnast fornleifar sem áður voru ókunnar og skal finnandi þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Saman skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornleifar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns fengin er ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.

Virðingarfyllst,
f.h. Fornleifaverndar ríkisins

Hulda S. Þráinsdótt.
Hulda Sigurdís Þráinsdóttir
Minjavörður Austurlands

afrit sent: Fornleifavernd ríkisins